

Álit

um frv. til l. um verslun með áfengi og tóbak.

Frá heilbrigðisnefnd.

703. mál

Nefndin hefur að beiðni efnahags- og skattanefndar fjallað um þá þætti málsins sem snúa að málefnasviði hennar en tekið er fram að nefndin fékk skamman tíma til að fjalla um málið. Um er að ræða 2. og 11. gr. frumvarpsins.

Í 2. gr. er kveðið á um markmið laganna. Meiri hlutinn fagnar því að í frumvarpinu sé slíkt ákvæði og að þar sé sérstaklega vísað til þess að skilgreina eigi umgjörð um smásölu áfengis og heilidsölu tóbaks á bættri lýðheilsu og samfélagslegri ábyrgð, að takmarka eigi og stýra aðgengi að áfengi og tóbaki og vernda ungt fólk gegn neyslu áfengis og tóbaks og takmarka framboð á óæskilegum vörum. Meiri hlutinn telur nauðsynlegt að skýr markmiðsákvæði séu í lögnum svo ljóst sé hvaða sjónarmið eigi ávallt að liggja til grundvallar ákvörðunartöku sem byggist á ákvæðum laganna. Með því að kveða á um að vernda eigi ungt fólk gegn neyslu áfengis og tóbaks og takmarka framboð á óæskilegum vörum telur meiri hlutinn ljóst að markaðssetning vara sem sérstaklega er ætluð ungu fólki sé ekki í samræmi við ákvæði laganna. Fagnar meiri hlutinn því markmiðsákvæðinu og innihaldi þess.

Í 3. og 4. mgr. 11. gr. frumvarpsins er kveðið á um vöruval ÁTVR á áfengi. Meiri hlutinn bendir á að nauðsynlegt sé að hliðstætt ákvæði sé sett um tóbak eða að umrætt ákvæði verði víkkað þannig að það nái einnig yfir vöruval og innkaup ÁTVR á tóbaksvörum. Nefndin hefur nú til afgreiðslu mál 579 um breytingu á lögum nr. 6/2002, um tóbaksvarnir. Í því frumvarpi eru lagðar til tvenns konar breytingar á lögnum. Annars vegar að felld verði út undanþága um að heimila framleiðslu, innflutning og sölu á skrotóbaki og hins vegar að banna framleiðslu, innflutning og sölu á bragð- og lyktarbættu neftóbaki. Við umfjöllun málsins kom hins vegar í ljós að síðari breytingin gengi ekki upp þar sem íslenska neftóbakið sem ÁTVR framleiðir er í raun bragðbætt. Ætlunin var hins vegar að koma í veg fyrir markaðssetningu á bragðbættu reyklausu tóbaki sem framleitt og markaðssett er sérstaklega með ungt fólk í huga. Er það vilji meiri hlutans að koma í veg fyrir slíka markaðssetninguna til að sporna við aukinni tóbaksneyslu ungs fólks. Bendir meiri hlutinn því á að nauðsynlegt er að ÁTVR hafi heimild til að hafna sölu á slíkri vöru með vísan í skýrt lagaákvæði í lögum um verslun með áfengi og tóbak.

Alþingi, 26. maí 2011.

Þuríður Backman,
Jónína Rós Guðmundsdóttir,
Þórunn Sveinbjarnardóttir,
Siv Friðleifsdóttir,
Guðfríður Lilja Grétarsdóttir,
Oddný Harðardóttir.